

Hafnarfjarðarbær
b.t. umhverfis- og skipulagsþjónusta
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær	
Innk:	13/11 2015
Málsnr:	1410418
Bréfsl:	512

thormodurs@hafnarfjordur.is / siggih@hafnarfjordur.is

Reykjavík, 11.11.2015

Efni: Mótmæli við fram kominni tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Stekkjarberg 9, Hafnarfirði.

Undirritaður gætir hagsmunu Hönnu Bjarkar Ragnarsdóttur, kt. 140563-2269, Stekkjarbergi 7, og Elsu Ingeborg Hansen, kt. 120220-4469, Stekkjarbergi 11, Hafnarfirði.

Undirritaður vísar til fyrra mótmæla og bréfaskrifa til bæjarins í tilefni af máli þessu og telur þau öll eiga við nú. Þar er um að ræða bréf mín til skipulags- og byggingarsviðs dags. 30.6.2015, 14.7.2015 og 4.9.2015 og til bæjarfulltrúa dags. 1.9.2015 og eru þau öll hluti af mótmælum þessum. Því til viðbótar skal eftirfarandi tekið fram.

1. Á því er byggt að deiliskipulagið, sem sýnt er sem eldra deiliskipulag í tillöggunni, sé það ekki. Byggist það á eftirfarandi röksemendum.
 - a. Umrætt deiliskipulag var ólögmætt og ber að afturkalla það sbr. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Annmarkanir fólust í
 - i. að skipulögð var ein lóð á óskipulögðu land.
 - ii. Í deiliskipulaginu og framkvæmdaleyfi skv. því fólust umtalsverð náttúruspjöll eins og þegar hefur verið rakið.
 - b. Ekki fór fram gild meðferð þegar skipulagið var sett í gildi því óheimilt var að viðhafa meðferð skv. 2. mgr. 26. gt. þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Vísast um það til bréfs míns dags. 4. sept. sl.
 - c. Deiliskipulagið dags. 8.11.2005 getur ekki orðið grundvöllur undir frekari misþyrmingu á náttúru svæðisins og umhverfi þess. Eins og áður hefur rakið ber skv. náttúruvendar-lögum að að laga náttúruspjöllin þannig að vatn á fólkvanginum fari í eðlilegt horf og fiskar geti að nýju lifað í tjörnum. Þess í stað á deiliskipulagstillagan að yta undir mistök fortíðar. Réttarbrot þess tíma eiga síðan að vera réttlæting á frekari aðgerðum, spjöllum og rangindum. Á að ganga enn lengra á þessari ólögmætu óheillabraut. Nú verður að skipuleggja hið óskipulagða svæði í heild vafningalaust ef það á að skipuleggja á annað bord.

Vakin er athygli á því að í umsögn Hafnarfjarðarbæjar frá 10.3.2005, þegar fyrst var sótt um aukna uppyggingu á lóðunum nr. 3 og 5, var niðurstaða bæjarins eftirfarandi:
„Vissulega má sjá fyrir sér byggingar með nokkrum örðru sniði en það sem er þar í dag. Ef endurskoðun

yrði gerð er nauðsynlegt að skoða reitinn i heild sinni og tengsl vhans við nærliggjandi sveði og ekki síst við opin sveði, sem tengja „lækinn“ og útivistarsvæðin beggja vegna Reykjanesbrautar.“

2. Skuggavarp hefur ekki verið athugað nægilega en ekki verður betur séð en að það verði óviðunandi bæði gagnvart húsum nr. 7 og 11. Ekki hefur verið kannað nægilega hvar heildarframkvæmdasvæðið afmarkast, hvar jarðrask verði og hversu freklega verði gengið að hrauni og náttúruundrum á lóðinni.
3. Tæplega 200 manns hafa gert athugasemdir með undirskriftum sínum. (Hafnarfjarðarbær hefur hingað til ranglega talið þá 100). Þetta fólk óskaði eftir lágreistri byggð í samræmi við það sem fyrir er við hraunjaðar friðlandsins í Stekkjarnhrauni. Að lækka byggingar um 2 metra, sem nær ekki íbúðahæð, fellur ekki undir þessar óskir. Ekki heldur að mjókka húsið um 1 metra. Eftir sem áður stendur skrímsli á lóðinni sem þarf að fremja meiri náttúruspjöll til að koma fyrir.
4. Þetta gefur slæmt fordæmi. Núverandi eða síðari eigendur lóða nr. 1, 7 og 11 gætu viljað óska eftir hinu sama. Á e.t.v. að neita þeim á forsendum að það sé búið að gera svo mikilð lóð nr. 9? Vakin er athygli á því að eigendum lóða nr. 3 og 5 hefur verið neitað um frekari uppbyggingu á lóðum sínum þar sem falli ekki að jafnræðisreglu stjórnsýslulaga að leyfa þeim serstaklega uppbyggingu.

Með vísan til framangreinds er minnt á 10. gr. stjórnsýslulaga (rannsóknarregluna). Einnig er nauðsynlegt að kanna til hlítar hvaða áhrif þetta hefur á umhverfið, bæði á lóðunum og fólkvanginum. Vegna rannsóknarreglunnar, þó ekki kæmi fleira til, er nauðsynlegt að Umhverfisstofnun komi að málun.

Svör Hafnarfjarðarbæjar við athugasemdum umbj.m. á fyrrí stigum máls:

Við svör þejarins við athugasemdum dags. 25.8.2015 hefur undirritaður margt að athuga. Verður það nú rakið:

1. Á því var byggt að tillagan væri í andstöðu við grenndarrétt. Svar Hafnarfjarðarbæjar var að komið hefði verið til móts við athugasemdir með því að minnka byggingarmagn á lóðinni. Þetta svar er út í hött. Tillagan er ennþá í andstöðu við grenndarrétt. Sú hugmyndafræði að draga óverulega úr broti gegn umbj.m. sé að koma til móts við þá, er rökleysa sem dæmir sig sjálf.
2. Fundið var að því að ekki væri hægt að skipuleggja eina lóð. Svar Hafnarfjarðarbæjar var að ekki væri um nýtt deiliskipulag að ræða. Hið meinta deiliskipulag frá 2005 er haldið slíkum annmarka, eins og að framan er rakið, að það er að engu hafandi. Þar á undan var svæðið ódeiliskipulagt.
3. Hafnarfjarðarbær fullyrðir að byggingar á lóðinni hafi takmörkuð áhrif á jarðvatn og votlendi við hraunjaðarinn utan friðlýsta svæðisins. Þetta er ekki rétt en fyrst og fremst er verið að þyrla upp ryki því framkvæmdir hafa haft veruleg alvarleg og grundvallaráhrif á votlendi, tjarnir og náttúru á friðlýsta svæðinu. Það er eins og að menn hafi forðast í lengstu lög að nefna það. Þegar búið er að klára þúðann undir þetta nýja hús og allt sem tengist uppbyggingu, gera ráð fyrir fláa frá þúðanum, verður búið að eyðileggja enn meira af hrauni, uppsprettulindum og náttúruundrum á lóðinni. Það er langur vegur milli þeirrar óyndisákvörðunar að byggeja á 1.000 m² á einni hæð og að byggja núna rúmlega 2.400 m² á tveimur hæðum, ásamt öllum þeim fjölða sem þarna mun búa með tilheyrandí umferð bifreiða.

4. Byggt var á að ekki hafi verið tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Svar Hafnarfjardarbæjar var á þann veg að lóðin væri utan friðlýsta svæðisins og tekið hefði verið tillit til ábendinga Umhverfisstofnunar varðandi hæð bygginga og þær færðar fjær friðlýsta svæðinu. Híð rétta er að byggingarnar eru mjög nálægt friðlýsta svæðinu þannig að ekki verður við unað. Kjarni málsins eru umtalsverð áhrif á friðlýsta svæðid sem ekki virðist mega nefna í fyrrgreindum svörum við fyrri athugasemdum undirritaðs. Þetta eru ekki útskýringar heldur burtskýringar. Þetta eru ekki rannsóknir heldur afneitun.
5. Hafnarfjardarbær heldur því fram að lóð Stekkjarbergs 9 sé stór og gefi tilefni til frekari uppbyggingar. Það er rangt. Ef uppbygging á að eiga sér stað á lóðum við friðlýsta svæðid getur bærinn ekki bótalaust heimilað einum að fullnýta möguleikana og banna svo öðrum það scina. Undirritaður vísar til meðfylgjandi samkomulaga frá 6.10.1995 og 20.12.1996. Gerð verður grein fyrir efni þeirra sérstaklega. Framkvæmdirnar eru í andstöðu við þau og sammningsbrot.
6. Á því var byggt að ákveðin hverfisvernd þyrfти að vera í skipulagstillögumni. Hafnarfjardarbær hafnaði því á þeim forsendum að deiliskipulagsbreytingin væri ekki innan friðlýsta svæðisins og enn ítrekað að um deiliskipulagsbreytingu væri að ræða. Hvað síðarnefnda atriðið varðar vísa ég til þess sem áður hefur verið sagt. Enn á ný forðast bærinn í andsvörum að minnast á þá staðreynd að verið er að hleypa vatninu af friðlýsta svæðinu og þegar er búið að vinna umtalsverð spjöll á lífríki þess. Votlendi þess þarf að endurheimta.
7. Á það var bent að gera þyrfi umhverfismat áætlunar. Svar Hafnarfjardarbæjar var að það þyrfi aðeins þegar um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Enn á ný er ítrekað að skipuleggja verður svæðið í heild með þeim rökum sem áður eru nefnd. Að auki verður Hafnarfjardarbær alltaf að hugsa um umhverfið, það gerir hann ekki í þessu máli heldur með útúrsnúningum ráðgerir hann frekari umhverfisspjöll en þau sem þegar eru orðin.
8. Á því var byggt að byggð ætti að vera lágreist í samræmi við þá byggð sem fyrir er við hraunjaðarinn. Svar Hafnarfjardarbæjar var að húsín hefðu verið lækkuð og yrðu tvær hæðir í stað þrigga. Þessi meinta lækkun eru ýkjur en minnir á kosningaloford Framboðsflokksins sem var með grínframboð árið 1971. Þá átti að fára landhelgina út í 50 millur en þeir vildu fára út í 100 til að geta samið um 50. Röksemdir af þessu tagi virðast gegnumgangandi í svörum Hafnarfjardarbæjar.

Lokaorð:

Þegar ég horfi yfir feril þessa máls þá er það ósannfærandi að almannuheill búi að baki deiliskipulags-tillögumni. Efni deiliskipulagsins og náttúruspjöllin vekur óhjákvæmilega þá hugsun að bærinn hafi harðan og einbeittan vilja til að geta hagsmunu einstaklinga á kostnað heildarinnar. Vitaskuld verður þetta ekki fullyrt eða sannað en undirritaðum er það óskiljanlegt hvernig bærinn getur böðlast áfram í málínu og dreigð ekkert að sér. Á þennum virðast engin rök bíta og hann snýr út úr öllum skynsamlegum rökum sem færð eru gegn deiliskipulaginu með fullyrðingum og staðhæfingum sem hvergi fást staðist sbr. framangreint. Verði af framkvæmdunum verða þær minnismerki um þá sem að þeim stóðu og studdu en engum til sóma.

Vegna fyrri reynslu hefur undirritaður ákveðið að senda efni þessa bréfs til fulltrúa í skipulags- og byggingarráði.

Yirðingarfyllst,
Einar Gáutur Steingrímsson hrl.

Hjálagt:

1. Samkomulag frá 6.10.1995.
2. Samkomulag frá 20.12.1996

Afrit:

Fulltrúar í skipulags- og byggingarráði:

Ólafur Ingi Tómasson, olafuringi@hafnarfjordur.is
Borghildur Sölvey Sturludóttir, borghildur@hafnarfjordur.is
Pétur Óskarsson, peturo@hafnarfjordur.is,
Eyrún Ósk Jónsdóttir, eyrunosk@hafnarfjordur.is,
Július Andri Þórdarson, juliusth@hafnarfjordur.is

Helga Ingólfssdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs, helgai@hafnarfjordur.is

Umhverfisstofnun

151006

13a.1

1

Bjarni Lárusson hdl.

Kennitala: 030260-5389
Bæjarhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 3222 - Bréfاسími: 565 3244
samdi skjal þetta

666

Við undirritaðir; Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, Ragnar Gíslason, kt. 210317-2799, Haukabergi, Hafnarfirði og Trausti Sigurðsson, kt. 110462-3959, Fagrabergi 4, Hafnarfirði gerum með okkur svofellt

s a m k o m u l a g:

1. Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Ragnars Gíslasonar, dags. 18. júlí 1994, um kaup Hafnarfjarðarbæjar á spildu úr landi Haukabergs, Hafnarfirði, stendur óhagaður nema annað leiði af samkomulagi þessu.

2. Með samkomulagi þessu fellur úr gildi samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og Ragnars Gíslasonar dags. 27. febrúar 1995, að öðru leyti en því sem það kann þegar að hafa verið uppfyllt.

3. Hafnarfjarðarbær greiðir Ragnar Gíslasoni kr. 2,250.000,00 -tvær milljónir tvöhundruð og fimmtíuþúsund krónur við undirritun samkomulags þessa, i miskabætur fyrir óþægindi er Ragnar hefur orðið fyrir og verður fyrir vegna synjunar byggingarnefndar Hafnarfjarðar um leyfi til að reisa tvófalda timburgirðingu á löðarmörkum Haukabergs, Hafnarfirði, í samræmi við kaupsamning dagsettan 18. júlí 1994 og samkomulag dagsett 27. febrúar 1995.

4. Hafnarfjarðarbær greiðir Trausta Sigurðssyni kr. 750.000,00 - sjöhundruð og fimmtíuþúsund krónur- við undirritun samkomulags þessa og leysir með greiðslu þeirri til sín verksamning sinn við Trausta Sigurðsson, dags. 27. febrúar 1995, um smiði girðingar á löðarmörkum Haukabergs, Hafnarfirði.

5. Hafnarfjarðarbær annast hið bráðasta gerð stiflu/affalls, sem komi í veg fyrir að myri í suðurhorni löðar Haukabergs þorni upp og að þar safnist fyrir yfirborðsvatn. Verkið verði unnið með þeim hætti að grafinn verði skurður á löðarmörkum Haukabergs á umræddum stað, hann klæddur með

Sæmlæs.

C. S.

drenduk og í hann sett leirkennt jarðvegsefni. Yfirlall verði frá skurðinum til að koma í veg fyrir að yfirborðsvatn safnist fyrir innan lóðarmarka Haukabergs. Frágangur verði að öðru leyti í samræmi við teikningu Stefáns Veturliðasonar, sem fylgir samkomulagi þessu og er hluti þess. Til að tryggja nægilega þjöppun leirkennds jarðvegsefnis í stíflunni verði vatni dælt úr skurðinum á meðan þjöppun jarðvegsefnisins fer fram. Reynir Kristjánsson verkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ, stjórnir verkinu og verði því lokið fyrir 20. október næstkomandi.

6. Hafnarfjarðarbær annist fullnaðarfrágang á vegfláum Stekkjarbergs og Hlíðarbergs þar sem þeir liggja að Haukabergi, nú í haust. Auk þess verði hlaðið í tvær gjótur við Hlíðarberg, til að hindra aðsýn frá Hlíðarbergi að verönd við ibúðarhúsið að Haukabergi og innsyn í garðskála og sundlaug. Björn Hilmarsson garðyrkjastjóri Hafnarfjarðarbæjar stjórnir verkinu í samráði við Ragnar Gislason og verði því lokið fyrir 15. nóvember næstkomandi.

7. Hafnarfjarðarbær láti gróðursetja, allt að 100 1. flokks barrtrjáplöntur (greni, furu og/eða sambærilegar) 125 - 150 sm. að hæð og allt að 100 lauftrjáplöntur (birki, elri og/eða sambærilegar) 80 - 100 sm. að hæð, á/við lóðarmörk Haukabergs, í samráði við og eftir óskum Ragnars Gislasonar.

Hafnarfjarðarbær annist og kosti kaup á plöntunum og gróðurmold og leggi til tæki og vinnuafsl samkvæmt þessum lið. Verkinu skal lokið fyrir 15. júní 1996.

Verði gróðursettar færri en 200 trjáplöntur skv. framansöggðu á árinu 1996, sjá Hafnarfjarðarbær um, á næstu 2 árum þar á eftir, að endurnýja plöntur sem ekki lífa, þar til þeim fjölda er náð.

8. Hafnarfjarðarbær hafi milligöngu um frekari kaup Ragnars Gislasonar á trjáplöntum til plöntunar í lóð Haukabergs og tryggi honum bestu kjör sem bærinn nýtur við kaup á trjáplöntum.

9. Hafnarfjarðarbær lagfæri á sinn kostnað allt jarðrask og skemmdir á gróðri sem orðið hafa eða verða kunna vegna framkvæmda skv. samkomulagi þessu og/eða framkvæmda skv. ofangreindum kaupsamningi dagsettum 18. júlí 1994, við og á lóð Haukabergs, skv. ábendingum Ragnars Gislasonar. Öllum slíkum lagfæringum skal lokið fyrir 1. júlí 1996.

10. Ragnari Gislasoni verði heimilt að girða lóð Haukabergs á lóðarmörkum, með netgjöldingu allt að 120 sm. hárrí, til að verja lóðina ágangi vegfarenda og tryggja öryggi barna og annarra vegfarenda gagnvart sundlaug á lóð Haukabergs.

11. Hafnarfjarðarbær greiði lögfæðikostnað Ragnars Gislasonar og Trausta Sigurðssonar við gerð þessa samkomulags, skv. reikningi.

95006

1301

3

12. Að uppfylltum liðum 1 - 11 hér að framan lýsa Ragnar Gíslason og Trausti Sigurðsson því yfir að um fullnaðaruppgjör milli þeirra og Hafnarfjarðarbæjar vegna samkomulags og verksamnings dags. 27. febrúar 1995, sé að ræða og að þeir muni ekki hafa uppi frekari kröfur á hendur Hafnarfjarðarbæ eða aðilum sem bærinn ber ábyrgð á, í tilefni þar af.

Hafnarfirði, 6. október 1995

með fyrirvara M/samp. kynslóð

Ragnar Gíslason

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfirði, 6. október 1995

f. Umboðsmann

Ragnar Gíslason

Fh. Ragnar Gíslason

Trausti Sigurðsson

Fh. Trausta Sigurðssonar


Voltar að rétti dagsetningu og undirritun:

Bjarni Þórður Ólafsson, tel. 030260-5389.

Möttekið	9/11/95
Bæjaráð	
Afgreitt	<u>Samþykkt</u>

4
Fylgiskjálf með samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar,
Ragnars Gislasonar og Trausta Sigurðssonar,
dags. 6. oktober 1995.

LÓDAMORK HAUKABERGS VID STEKKJARBERG
KENNISNID 1: 50



Bjarni Lárusson hdi.
Kt: 030260-5389, samdi skjalið.

Við undirritaðir, Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði og Ragnar Gíslason, kt. 210317-2799, Haukabergi, Hafnarfirði gerum með okkur svofellt

s a m k o m u l a g:

1. Hafnarfjarðarbær kaupir land úr landi Haukabergs, alls 68,3 m², til viðbótar landi sem keypt var með samningi 18. júli 1994 og er staðsetning, mörk þess og lögun samkvæmt uppdrætti nr. 113,047, sem fylgir þessu samkomulagi og er hluti þess.

Kaupverð er kr. 1.006,45 pr. m² sem er hið sama og samkvæmt samningi dags. 18. júli 1994, framreiknað til greiðsludags með verðbreytingum miðað við byggingarvisitulu frá júli 1994, eða samtals kr. 68.741,00 og greiðist við undirritun samkomulags þessa.

Erlöðarstærð Haukabergs samkvæmt því eftir samkomulag þetta 6.562,1 m².

2. Ákvæði 1. tóluðar breyta engu um gróðursetningar sem fram fóru á landi Haukabergs síðastiðið sumar. Hafnarfjarðarbær lýkur gróðursetningum samkvæmt kaupsamningi dags. 18. júli 1994, samkomulagi dags. 6. október 1995 og samkomulagi dags. 27. febrúar 1996, fyrir 15. júní 1997.

3. Hafnarfjarðarbær kaupir landið undir hraunhleðslur í tvær gjötur austan ibúarhúss að Haukabergi, aðliggjandi Hlíðarbergi og lýkur við frágang hleðsnanna hið bráðasta með tilliti til veðurfars og í síðasta lagi fyrir 1. febrúar 1997.

Hleðshurnar skulu vera 175 - 180 sm. að hað mælt frá yfirborði gangstéttar og hindra aðsýn að verönd við ibúarhús að Haukabergi.

Hafnarfjarðarbær ræður útfærslu hleðsnanna að örðu leytí, en leitast við að gera þer þannig úr garði að sem minnst slysahætta stafi af þeim.

Hafnarfjarðarbær er eigandi hleðsnanna og annast viðhald þeirra. Viðhald samkvæmt samkomulagi þessu felst í lagfæringum sem gera þarf á hleðslunum vegna hruns úr þeim af völdum veðurfars eða frostipensu, sem og hreinsun illgressis. Hafnarfjarðarbær er réttbær aðili til innheimtu skaðabóta, samkvæmt almennum skaðabótareglum eða sérákvæðum laga, t.d. umferðarlag, fyrir spjöll sem verða kunna á hleðslunum af manna völdum.

4. Hafnarfjarðarbær lýkur frágangi vegfláa og alls jarðrasks á löðarmörkum Haukabergs við Hlíðarberg, skv. samkomulagi dags. 6. október 1995, hið bráðasta með tilliti til veðurfars og í síðasta lagi fyrir 1. febrúar 1997 og frágangi vegfláa og alls jarðrasks á löðarmörkum Haukabergs við Stekkjarberg, þegar að aflokinni malbikuð Stekkjarbergs næsta sumar, þó eigi síðar en 15. júli 1997.

5. Þann 1. febrúar 1997 fari fram úttekt aðila samkomulags þessa á framkvæmdum við Hlíðarberg. Þeim framkvæmdum sem þá er ólokið við Hlíðarberg samkvæmt samkomulagi þessu skal eiganda Haukabergs heimilt að látu ljúka á kostnað Hafnarfjarðarbæjar, að undangenginni skriflegri áskorun til Hafnarfjarðarbæjar um að ljúka þeim fyrir 15. febrúar 1997.


Þann 15. júlí 1997 fari fram úttekt aðila samkomulags þessa á frammvændum við Stekkjarberg. Þeim frammvændum sem þá er ólokið við Stekkjarberg samkvæmt samkomulagi þessu skal eiganda Haukabergs heimilt að láta ljúka á kostnað Hafnarfjarðarbærar, að undangenginni skriflegri áskorun til Hafnarfjarðarbærar um að ljúka þeim fyrir 1. ágúst 1997.

6. Viðurkenndur er réttur eiganda Haukabergs, sbr. ákvæði kaupsamnings dags. 18. júlí 1994 og gildandi skipulag, skv. umsóknunum dags. 17. mars 1995 og 24. nóvember 1995, til viðbygginga við íbúðarhús og sundlaugarárhús í samræmi við fyrri afgreiðslu stofnana Hafnarfjarðarbærar á umsóknunum. Þá er og viðurkenndur réttur eiganda Haukabergs, sbr. ákvæði kaupsamnings dags. 18. júlí 1994 og gildandi skipulag, til byggingar tvöfalds bilskúrs, er verði áfastur við íbúðarhúsið að norðvestanverðu, án annarra skilyrða en leiðir af byggingarreglugerð.


7. Ákvæði kaupsamnings dags. 18. júlí 1994, samkomulags dags. 6. október 1995 og samkomulags dags. 27. febrúar 1996, standa óhöggud ef ekki leiðir annað af samkomulagi þessu.

8. Hafnarfjarðarbær greiðir lögræðikostnað Ragnars Gislasonar vegna samkomulags þessa, skv. reikningi.

Hafnarfjörð, 23. desember 1996



Hafnarfjörð, 20. desember 1996



Vottar að rétti dagsetningu og undirritun:

Guðrún Þórssen, 07/136.5019 Hjartur Þórssen holl.
030260 1389

Ragna Thoroddsen, 08/135-5719

magistr. 1410478
512

Lausnir lögmannsstofa

From: Microsoft Outlook
To: thormodurs@hafnarfjordur.is; siggih@hafnarfjordur.is;
hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; olafuringi@hafnarfjordur.is;
borghildur@hafnarfjordur.is; peturo@hafnarfjordur.is; eyrunosk@hafnarfjordur.is;
juliusth@hafnarfjordur.is; helgai@hafnarfjordur.is
Sent: 11. nóvember 2015 15:47
Subject: Framsent: Mótmæli við fram kominni tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir
Stekkjarberg 9, Hfj.

Afhendingu til þessarra viðtakenda er lokið, en þjónn á endastað sendi enga afhendingartilkynningu:

thormodurs@hafnarfjordur.is (thormodurs@hafnarfjordur.is)

siggih@hafnarfjordur.is (siggih@hafnarfjordur.is)

hafnarfjordur@hafnarfjordur.is (hafnarfjordur@hafnarfjordur.is)

olafuringi@hafnarfjordur.is (olafuringi@hafnarfjordur.is)

borghildur@hafnarfjordur.is (borghildur@hafnarfjordur.is)

peturo@hafnarfjordur.is (peturo@hafnarfjordur.is)

eyrunosk@hafnarfjordur.is (eyrunosk@hafnarfjordur.is)

juliusth@hafnarfjordur.is (juliusth@hafnarfjordur.is)

helgai@hafnarfjordur.is (helgai@hafnarfjordur.is)

Efni: Mótmæli við fram kominni tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Stekkjarberg 9, Hfj.



Mótmæli við fram
kominni tillö...